


Deiliskipulag 1 : 2.000 10m




**Skipulagsskilmálar fyrir ferðaþjónustu að Arnarfelli, Arnarstapa.**

Á Arnarfelli var gengið frá deiliskipulagi sem var staðfest á haustmánuðum 1999 og tekur til jaðarinnar Arnarfells sem er þar skráð 5.1 ha að stærð. Nú er gert ráð fyrir að fjarlægja smáhús vestast á svæðinu og byggja við núverandi gistiaðstöðu. Þá er fallið frá byggingum við Arnarbæ en gert ráð fyrir byggingu 11 smáhýsa norðan hans. Þá er gert ráð fyrir að reisa þjónustuhús fyrir tjaldstæði og jöklaferðir. Þar verði einnig lítil verslun og snyrtingar fyrir almenning. Gert er ráð fyrir að afmarka svæði á tjaldstæði með gróðri og halda áfram plöntun skjólmyndandi belta. Umverð að þjónustuhúsi og tjaldstæði er lítillega breytt.

Við gerð aðalskipulags Snæfellsbæjar fyrir Arnarstapa og Hellnar fór fram aðalskráning. Ekki er kunnugt um fornminjar á eða nærri byggingarreitum. Komi annað í ljós skal framfylgja 10. og 13. gr. þjóðminjalaga sem samþykkt voru á Alþingi hinn 20.05.2001.

**Byggingraskilmálar.**

Innan byggingarreits þjónustuhúss má reisa allt að 200 m² hús á einni hæð. Innan byggingarreist við gistiaðstöðu er heimilt að reisa viðbyggingu sem taki mið af núvernadi húsi og lagi sig að því. Þá er heimilt að reisa allt að 25 m² einnar hæðar smáhýsi innan byggingarreita. Smáhýsin verði öll samræmd og við gerð allra nýbygginga verði leitast við að samræma byggð og fella húsin betur hvert að öðru. Arnarfell verði klætt og fellt að byggðinni eins og unnt er.

Húsin verði með lítt hallandi þökum eða hallandi þökum með allt að15°þakhalla ef hús eru löng og mjó og mænir samsíða langvegg. Hæsti punktur þaks verði ekki hærri en 3.9 m yfir aðalgólfi. Varðandi þakhæðir er miðað við hæð undir ystu klæðningu. Gólfkóti verði ekki ofar en 0.2 m yfir landi.

Gerð verði afstöðumynd, þegar fyrirhugað er að byggja á byggingarreitum. Þar verði gerð grein fyrir staðsetningu bygginga innan byggingarreita.

Sjá meðfylgjandi aðalskipulagsuppdrátt í 1 : 10.000. Með gildistöku deiliskipulags þessa fellur eldra deiliskipulag úr gildi.

Deiliskipulag þetta er unnið á uppréttan loftmyndagrunn frá Ísgraf ehf og Loftmyndum ehf.

Deiliskipulag þetta, sem fengið hefur meðferð skv. lögum nr. 73/1997, var samþykkt í bæjarstjórn Snæfellsbæjar hinn 6. mars 2008

# Deiliskipulag ferðaþjónustu að Arnarfelli á Arnarstapa, breyting.
## Mælikvarði 1 : 2.000

HÚS OG SKIPULAG ehf, BOLHOLTI 8, 105 REYKJAVÍK, SÍMI 511 1099, husogskipulag@simnet.is
Hildigunnur Haraldsdóttir F.A.Í. kt.080654-4219 Dags. 12.12.2007.
Sverrir Ásgeirsson hönnuður